

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson, skipulagsfulltrúi
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 3. desember 2020
Tilvísun: 202003063 / 3.2

Efni: Breytingu á aðalskipulagi vegna íbúðarbyggðar í landi Minna-Hofs, ÍB30

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 12. nóvember 2020, sent Skipulagsstofnun til staðfestingar breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra, vegna íbúðabyggðar í landi Minna - Hofs.

Skipulagsbreytingin var samþykkt í sveitarstjórn að lokinni auglýsingu þann 12. nóvember 2020.

Aðalskipulagsbreytingin er sett fram í greinargerð dags. 16. júlí 2020 og fylgir uppdráttur í mkv. 1:50.000 með sömu dagsetningu.

Í breytingartillögnum felst að um 110 ha af landbúnaðarsvæði er breytt í íbúðabyggð, ÍB30 og er þar gert ráð fyrir allt að 42 lóðum, 41 íbúðaróð og ein lóð fyrir vatnsból.

Áður en Skipulagsstofnun getur staðfest aðalskipulagsbreytinguna þarf sveitarstjórn að taka afstöðu til umsagna Umhverfisstofnunar frá 22. september 2020 þar sem m.a. bent er á að skipulagsákvæðum þurfi að vísa rétt til orðalags laga um náttúrvernd og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 13. október 2020, þar sem farið er fram á að nýtt neysluvatnsból komi fram á aðalskipulagsuppdrætti. Skipulagsstofnun tekur undir framangreind atriði og kallar eftir að brugðist verði við þeim með viðeigandi hætti í skipulagstillögnum.

Þá bendir stofnunin á að uppfæra þarf kafla um skipulagsferli og umsagnir með hliðsjón af því að um endanleg gögn er að ræða.



Málfríður K. Kristiansen